

Alþingi
Erindi nr. P 140/2596
komudagur 22.5.2012

SJÓVÁ

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 22.05.2012.

Pingskjal 1171-- 733. Mál.
Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

Frumvarp til laga um ökutækjatrýggingar og skaðabótaábyrgð vegna ökutækja.

Fyrir hönd Sjóvá legg ég hér með fram tillögu um breytingu á 2. mgr. 4. greinar frumvarpsins sem felur í sér takmörkun á ábyrgð dráttartækja vegna tjóns á eftirvögnum, tengivögnum, festivögnum og öðrum tækjum, s. s. hjólhýsum og tjaldvögnum, sem fest eru varanlega eða tímabundið við skráningarskyld vélknúin ökutæki, enda séu þau þar með orðin hluti af ökutækinu (dráttartækinu) þegar ökutækið er í notkun. Um orðalag breytingartillögu þessarar sjá næstu blaðsíðu.

Ákvæði þetta er tekið upp að norskri fyrirmynd til að taka af allan vafa um það að eftirvagnar og fastur búnaður sé hluti af skráningarskyldu ökutæki og eigi því ekki að bætast úr ábyrgðartryggingu ökutækisins. Túlkun á 2. ml. 1.mgr. 88. gr. UFL hefur á stundum valdið ágreiningi hvað þetta varðar og skoðanir verið skiptar um það hvort málsliðurinn taki aðeins til skráningarskyldra vélknúinna ökutækja sem dregin eru af öðru ökutæki (þ.e. taki aðeins til bifreiða sem dregnar eru), eða hvort málsliðurinn nái jafnframt til annarra vagna og tækja sem dregin eru, eins og t.d. eftir- og tengivagna. Það getur ekki talist eðlilegt að vagn sem er festur við skráningarskyld vélknúin ökutæki, oftast til þess að auka flutningsgetu og sem er með sérstökum tengibúnaði tengdur við dráttartækið, ásamt því að vera tengdur sama raf- og hemlakerfi, geti fallið undir ábyrgðartryggingu dráttartækisins.

Þegar ökutæki, tengitæki eða eftirvagn er dregin af ökutæki tekur eigandi tækisins sem dregið er þá eigináhættu að af því geti hlotist tjón. Mjög óeðlilegt að eigandi dráttartækisins beri hlutlæga bótaábyrgð á tækinu sem dregið er. Til skýringar á þessu má nefna að björgunarsveitir sem koma öikumönnum til aðstoðar sem hafa fest bíla sína í akstri við erfiðar aðstæður geta með nógildandi ákvæðum orðið skaðabótaskyldar gagnvart tjón á ökutækinu sem dregið var úr festunni. Einnig má nefna tjón sem varð vegna þess að aftan í vagn f auk á hliðina í hvössu veðri getur eigandi aftan í vagnsins sótt bætur í ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar sem dró. hefði ökutækið verið á ferð (það er í notkun)

Ekki hefur reynt á álitaefnið í Hæstarétti eða fyrir héraðsdómi eftir því sem ég best veit.

Norsku lögin eru mjög svipuð að gerð og þau íslensku. Dönsku umferðarlögin eru frábrugðin og þar er talið heimilt að setja í skilmála ákvæði sem undanþiggur tjón á eftirvögnum.

Ákvæði þetta er samsvarandi og 3. mgr. 3. greinar í norsku lögnum um Lov om ansvar for skade som motorvogner gjer, lov 1961-02-03 með síðari breytingum.

4. gr.

Grundvöllur ábyrgðar o.fl.

Ábyrgðarmaður ökutækis, sbr. 6. gr., skal bæta það tjón sem hlýst af notkun þess þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á ökutækinu eða ógætni ökumanns.

Ábyrgðarmaður ökutækis, sbr. 6. gr., sem notað er til dráttar er skaðabótaskyldur ef tjón hlýst af þegar það dregur annað ökutæki. **Ábyrgðin nær þó ekki til eftir-, tengi -, festivagna eða annarra tækja sem fest eru varanlega eða tímabundið við skráningarskylt vélknúid ökutæki í notkun enda telst það þá vera eitt ökutæki**

Bætur fyrir líkamstjón eða vegna missis framfæranda má lækka eða fella niður ef sá sem varð fyrir tjóni eða lést var meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

Bætur fyrir tjón á munum má lækka eða fella niður ef sá sem varð fyrir tjóni var meðvaldur að því af ásetningi eða gáleysi.

Bætur fyrir líkamstjón eða vegna missis framfæranda má lækka eða fella niður ef sá sem varð 2 fyrir tjóni eða lést var meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

Bætur fyrir tjón á munum má lækka eða fella niður ef sá sem fyrir tjóni varð var meðvaldur að því af ásetningi eða gáleysi.

Fh. Sjóvá Almennra trygginga hf.

Sumarliði Guðbjörnsson
Sérfræðingur á tjónasviði.

sug@siova.is

sími 440 2081

gsm 8442081